

Íslandssjóðir hf.  
Verðbréfasjóðir  
Fjárfestingarsjóðir

Ársreikningur 2009



Íslandssjóðir hf.  
Kirkjusandi 2  
155 Reykjavík  
Kt. 690694-2719

# Efnisyfirlit

---

## A-hluti

### Ársreikningur Íslandssjóða hf.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	4
Áritun óháðs endurskoðanda .....	7
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Yfirlit um sjóðstreymi .....	10
Skýringar .....	11

## B-hluti

### Ársreikningur verðbréfasjóða

Rekstrarreikningur .....	14
Efnahagsreikningur .....	15
Yfirlit um breytingar á hreinni eign .....	16
Yfirlit um fjárfestingar .....	17
Skýringar .....	25

### Ársreikningur fjárfestingarsjóða

Rekstrarreikningur .....	32
Efnahagsreikningur .....	33
Yfirlit um breytingar á hreinni eign .....	34
Yfirlit um fjárfestingar .....	35
Skýringar .....	38

# Íslandssjóðir hf.

Ársreikningur 2009



Íslandssjóðir hf.  
Kirkjusandi 2  
155 Reykjavík  
Kt. 690694-2719

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Íslandssjóðir hf. var upprunalega stofnað árið 1994 og nefndist þá Rekstrarfélag VíB hf. Íslandssjóðir er sérhæft félag á sviði eignastýringar og sér meðal annars um rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða, en varsla sjóðanna er hjá Íslandsbanka hf. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag Íslandsbanka hf. og hluti af samstæðureikningi bankans og dótturfélaga hans.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins og B-hluta sem inniheldur ársreikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Í lok desember 2009 voru 16 sjóðir í rekstri hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 89.701 milljónum króna. Tveir sjóðir sem eru skráðir í Lúxemborg eru í stýringu félagsins og nam hrein eign þeirra 20.404 milljónum króna.

Þann 17. október 2008 beindi Fjármálaeftirlitið þeim tilmælum til rekstrarfélaga verðbréfasjóða að grípa til aðgerða sem leiði til slíta á peningamarkaðssjóðum félaganna og tók stjórn rekstrarfélagsins ákvörðun um að slíta þeim sjóðum í samræmi við þau tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Peningamarkaðssjóðirnir í NOK, USD og EUR eru í slítaferli þar sem áhersla er lögð á að slíta þeim sjóðum um leið og allar eignir innheimtast.

Sjóðum 1 og 11 var skipt upp í A og B deildir á árinu 2009 þar sem til stóð að A deildir myndu starfa áfram og opna fyrir viðskipti þann 30. janúar 2010, en B deildum var slitið og ákveðið að greiða út laust fé eftir því sem eignir innheimtast. Sjóðir, sem hefur verið lokað og ekki er búið að slíta, eru metnir á væntanlegu upplausnarvirði. Heimssafnið, sem var lokað tímabundið eftir október 2008, opnaði fyrir innlausnir á árinu 2009.

Í janúar 2010 var tekin sú ákvörðun að slíta einnig A deildum sjóða 1 og 11. Með þessu er verið að tryggja jafnræði sjóðfélaga miðað við núverandi aðstæður. Mikil óvissa er almennt í efnahagslífinu og endurreisn hefur gengið hægar en búist var við, sem felur í sér óvissu um verðmat eigna og um endurheimtur á órekstrarhæfum félögum.

Þrjár útgreiðslur voru á árinu úr sjóði 1B, samtals kr. 3.377 milljónir. Sjóðfélögum stóð til boða þann 1. sept. að flytja sig úr sjóði 1A yfir í sjóð 1B og voru þá greiddar út alls kr. 4.184 milljónir. Alls hafa því verið greiddar út kr. 7.560 milljónir á árinu til sjóðfélaga sem hafa valið slítaleið.

Þrjár útgreiðslur voru á árinu úr sjóði 11B, samtals kr. 309 milljónir. Sjóðfélögum stóð til boða þann 1. sept. að flytja sig úr sjóði 11A yfir í sjóð 11B og voru þá greiddar út kr. 2.126 milljónir. Alls hafa því verið greiddar út kr. 2.436 milljónir á árinu til sjóðfélaga sem hafa valið slítaleið.

Greitt var úr sjóðum 9.1 EUR og 9.3 USD í febrúar 2009. Úr sjóði 9.1 EUR voru greiddar samtals kr. 1.481 milljónir króna og úr 9.3 USD voru greiddar samtals 615 milljónir króna.

Í nóvember 2009 var fagfjárfestasjóði í rekstri Íslandssjóða hf. slitið og greiddar út kr. 44.294 milljónir króna.

Í byrjun október 2008 voru sett neyðarlög á íslenskum fjármálamarkaði þegar lög nr. 125/2008 voru samþykkt á Alþingi. Með setningu neyðarlaganna voru innlán gerð að forgangskröfum við gjaldþrot fjármálafyrirtækis og skuldabréf sett aftar í röð kröfuhafa. Það hafði þau áhrif að vænt endurheimtuhlutfall og þar með verðmæti skuldabréfa í eigu sjóða Íslandssjóða lækkaði verulega.

Í lok árs 2009 ríkti enn mikil óvissa um raunvirði margra fjármálagerninga, þar á meðal í sjóðum í rekstri Íslandssjóða. Óháðir aðilar voru fengnir til að verðmeta eignir sjóðanna á árinu 2009, og í kjölfarið var beitt enn frekari varúðarafskriftum. Til þess að tryggja hagsmuni hlutdeildarskirteinishafa óskaði félagið eftir skuldajöfnun gagnvart kröfum Glitnis banka hf. þar sem það átti við. Enn ríkir þó óvissa um endanlega niðurstöðu slíkra skuldajafnana.

Á árinu hefur verið unnið mikið uppbyggingarstarf til að bregðast við gjörbreyttum aðstæðum á fjármálamarkaði. Íslandssjóðir hafa verið í fremstu röð þegar kemur að eignastýringu á ríkisskuldabréfum, en á árinu 2009 sýndu ríkisskuldabréfasjóðir Íslandssjóða einna bestu ársávöxtun miðað við sambærilega sjóði.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Lögð hefur verið mikil áhersla á gegnsæi við stýringu verðbréfasjóða Íslandssjóða og gott upplýsingaflæði til viðskiptavina. Á sama tíma er lögð áhersla á að nýta sem best þau fjárfestingartækifæri sem bjóðast á markaðnum hverju sinni. Íslandssjóðir voru fyrstir aðila á markaðnum til að stofna nýjan verðbréfasjóð eftir efnahagshrun, Ríkissafnið, en aldrei í sögu félagsins hefur nýjum verðbréfasjóði verið jafn vel tekið á svo skömmum tíma. Á fimmta þúsund hlutdeildarskírteinshafar eru í Ríkissafninu og er hrein eign sjóðsins þann 31. desember 12.900 milljónir króna, rétt rúmu ári eftir stofnun hans.

Í ágúst síðastliðunum hófu Íslandssjóðir að bjóða Eignasafnið, en markmið þess sjóðs er að ná góðri langtímaávöxtun með sem minnstri áhættu og nær stýring eigna bæði til skuldabréfa og hlutabréfa, auk innlána. Eignasafnið er nýr valkostur fyrir viðskiptavinum sem vilja eiga kost á virkri eignastýringu á minni sófnum.

Í september var nýjum sjóði, Veltusafninu, hleypt af stokkunum en markmið hans er að fjárfesta í innlánum og víxlum eða öðrum skammtímaverðbréfum gefnum út af eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Veltusafnið hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í einn mánuð eða lengur. Á annað hundrað hlutdeildarskírteinishafar eru í Veltusafninu og hrein eign sjóðsins þann 31. desember er 2.586 milljónir króna.

Á árinu var stofnaður nýr sjóður sem ekki hefur hafið starfssemi, Fókus Vextir.

Í apríl 2009 var haldinn aðalfundur félagsins og ný stjórn kjörin. Lögð var áhersla á að hafa stjórnina óháða Íslandsbanka, en þrjú af fjórum stjórnarmönnum eru óháðir og er það í takt við stefnu Íslandssjóða sem ávallt hefur lagt metnað sinn í að hafa óháða stjórn.

Íslandssjóðir hafa lagt metnað sinn í að vera í fararbroddi í upplýsingagjöf meðal rekstrarfélaga verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á Íslandi. Ný vefsíða fór í loftið, [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is), en nýjum vef Íslandssjóða er ætlað að auka enn frekar gegnsæi og upplýsingagjöf til viðskiptavina. Þar má meðal annars finna verklagsreglur, reglur um áhættustýringu og aðferðafræði við stýringu verðbréfasjóða, ítarlegar upplýsingar um Íslandssjóði og verðbréfasjóði félagsins, svo sem upplýsingablöð, ávöxtunartölur, útboðslýsingar og ársskýrslur Íslandssjóða.

Mikil áhersla hefur verið lögð á viðskipta- og vörubrúun á árinu og mun því verða haldið því áfram til þess að aðlaga fjárfestingartækifæri sjóðanna að breyttum markaðsaðstæðum. Allt kapp hefur verið lagt á, að ná sem bestum endurheimtum krafna og greiða út svo fljótt sem auðið er til þeirra hlutdeildarskírteinishafa sem eiga bundið fé í slitasjóðum.

Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður af rekstri félagsins á árinu 2009 269 milljónir króna. Eigið fé félagsins í árslok nam 1.301 milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, er mjög sterkt eða 160,8%\_en lögbundið lágmark er 8%.

Hlutfélag félagsins nam í árslok 25 milljónum króna og er í eigu Íslandsbanka hf. og dótturfélaga hans.

Í lok desember störfuðu 13 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur á tímabilinu 147 milljónum króna.

## Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur félagsins saminn í samræmi við reglur um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og ákvæði ársreikningslaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins á árinu 2009.

Samkvæmt mati stjórnar felst í ársreikningi og skýrslu stjórnar glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess á árinu 2009 ásamt því að gerð er grein fyrir helstu áhættu- og óvissupáttum sem félagið stendur frammi fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 10. mars 2010

Stjórn:

Steinunn Bjarnadóttir

Ársæll Valfells

Bolli Héðinsson

Erna Eiríksdóttir

Steinunn Bjarnadóttir  
Ársæll Valfells  
Bolli Héðinsson  
Erna Eiríksdóttir

Framkvæmdastjóri:

Agla Elísabet Hendriksdóttir

Agla Elísabet Hendriksdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Íslandssjóða hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslandssjóða hf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn er í tveimur hlutum, A-hluta og B-hluta. A-hlutinn nær yfir rekstrarfélagið sjálft en B-hlutinn nær yfir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar fyrir rekstrarfélagið. B-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar fyrir verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settur siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu í ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2009, efnahag 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé og hreinni eign sjóðanna á árinu 2009, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

### Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara í áliti okkar viljum við vekja athygli á yfirlitum um fjárfestingar fyrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóði en þar fjalla stjórnendur um mat fjármálagerninga og óvissu sem tengist uppgjöri afleiðusamninga og skuldajöfnun við Glitni banka hf.

Reykjavík, 10. mars 2010

### Deloitte hf.

  
Páll Grétar Steingrímsson

  
Pálína Árnadóttir

## Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýringar	2009	2008
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýslupóknun .....	2	913	1.974
Vextir, verðbætur og arður .....		124	124
Gengismunur .....		4 (	70)
Aðrar rekstrartekjur .....		1	0
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>1.042</b>	<b>2.028</b>
Niðurfærsla vegna verðbréfaeignar.....	3	( 24)	( 24)
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>		<b>1.017</b>	<b>2.004</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4-5	( 147)	( 163)
Þjónustugjöld til Glitnis banka hf. og Íslandsbanka hf. ....		( 361)	( 888)
Annar rekstrarkostnaður .....		( 192)	( 164)
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>( 700)</b>	<b>( 1.215)</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>		<b>317</b>	<b>789</b>
Tekjuskattur .....	10	( 48)	( 116)
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>269</b>	<b>673</b>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýringar	31.12.2009	31.12.2008
Verðbréf			
Hlutdeildarskírteini .....	3	297	157
Kröfur			
Kröfur á tengd félög .....		167	303
Aðrar kröfur .....		0	21
Aðrar eignir			
Bankainnstæður .....		2.610	1.989
<b>Eignir samtals</b>		<b>3.074</b>	<b>2.470</b>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við tengd félög.....		202	321
Reiknaðir skattar.....	10	48	118
Aðrar skuldir.....	6	1.524	999
<b>Skuldir samtals</b>		<b>1.773</b>	<b>1.439</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>8</b>		
Hlutfé .....		25	25
Lögbundinn varasjóður .....		6	6
Óráðstafað eigið fé .....		1.269	1.000
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>1.301</b>	<b>1.031</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>3.074</b>	<b>2.470</b>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2009

	Skýringar	2009	2008
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	7	269	673
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gengis(hækkun)/lækkun verðbréfa .....		( 4)	70
Niðurfærsla verðbréfaeignar.....	3	24	24
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum.....		491	1.189
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>781</b>	<b>1.956</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Keypt verðbréf umfram seld .....		( 160)	( 223)
<b>Fjárfestingarhreyfingar alls</b>		<b>( 160)</b>	<b>( 223)</b>
<b>Hækkun á handbæru fé</b>			
		621	1.733
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b>			
		1.989	256
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		2.610	1.989

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Íslandssjóða hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum. Félagið er dótturfélag Íslandsbanka hf. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

### Umsýslupóknun

2. Félagið fær umsýslupóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestasjóða Íslandssjóða. Einnig fær félagið umsýslupóknun fyrir rekstur á ISB Mutual Fund og ISB Hedge Fund í Luxembourg. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs sem er ætlað að standa undir launum starfsmanna, markaðskostnaði og umsýslu við rekstur sjóðanna. Félagið fær einnig árangurstengda þóknun vegna sjóða og eignasafna í stýringu fari þessir sjóðir eða eignasöfn umfram skilgreind viðmið.

### Verðbréf

3. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi í árslok. Í desember 2008 keypti félagið hlutdeildarskírteini í Novator Credit Opportunities Fund af Sjóði 9.3 USD að fjárhæð 86,7 milljónir króna. Novator Credit Opportunities Fund er nú í slitameðferð og óvissa um verðmæti hlutdeildarskírteina sjóðsins. Í árslok lá ekki fyrir markaðsvirði þessara verðbréfa og er því metin inn varúðarniðurfærsla að upphæð kr. 24 milljónir króna og eru bréfin metin í árslok alls á 36,6 milljónir króna.

Hlutdeildarskírteini Íslandssjóða hf. greinast á eftirfarandi hátt :	2009	2008
Eignasafnið .....	63	0
Veltusafnið .....	52	0
Ríkissafnið .....	52	0
Novator Credit Opportunities Fund .....	37	63
Sjóður 7 .....	25	22
Sjóður 5 .....	25	21
Sjóður 1A .....	20	27
Sjóður 11A .....	17	18
Sjóður 10 .....	3	3
Sjóður 6 .....	3	3
Samtals hlutdeildarskírteinaeign	297	157

### Starfsmannamál

4. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2009	2008
Laun .....	119	128
Launatengd gjöld .....	28	35
Laun og launatengd gjöld samtals	147	163

Starfsmannafjöldi á tímabilinu var sem hér segir:	2009	2008
Starfsmenn í árslok	13	15
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu	17	17

5. Laun framkvæmdarstjóra og stjórnar námu 16,4 milljónum króna á árinu 2009.

## Skýringar

### Aðrar skuldir

6. Aðrar skuldir greinast þannig :

	2009	2008
Skuldir vegna handveðsreikninga og handhafabréfa * .....	1.461	0
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur verðbréfa- og fjárfestingasjóða .....	12	948
Ógreiddar þóknanir .....	40	34
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	10	17
Ógreiddur kostnaður .....	1	0
<b>Aðrar skuldir samtals</b>	<b>1.524</b>	<b>999</b>

\* Meðal annarra skulda eru skuldir vegna handveðsreikninga og handhafabréfa sem eru tilkomnar vegna innlausnar hlutdeildarskírteina í verðbréfa og fjárfestingasjóðum Íslandssjóða. Meðal handbærs fjár er sama fjárhæð færð til eignar.

### Eigið fé

7. Hlutfé félagsins nemur 25 milljónum kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut í félaginu.
8. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
<b>Eigið fé 1.1.2008</b>	<b>25</b>	<b>6</b>	<b>327</b>	<b>358</b>
Hagnaður tímabilsins .....			673	
<b>Eigið fé 31.12.2008</b>	<b>25</b>	<b>6</b>	<b>1.000</b>	<b>1.031</b>
Hagnaður tímabilsins .....			269	
<b>Eigið fé 31.12.2009</b>	<b>25</b>	<b>6</b>	<b>1.269</b>	<b>1.301</b>

9. Eigið fé í lok tímabilsins er 1.301 þús. kr. eða 42% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 160,8% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig :

Heildar eigið fé ..... 1.301

Heildar eiginfjárfarkrafa greinist þannig :

Útlánaáhætta .....	55
Markaðsáhætta .....	10
Rekstraráhætta .....	0
<b>Eiginfjárfarkrafa</b> .....	<b>65</b>

Eiginfjárlutfall ..... 160,8%

### Skattamál

10. Opinber gjöld vegna rekstrartímabilsins hafa verið reiknuð og færð í ársreikninginn. Félagið er samskattað með móðurfélagi sínu.

# Verðbréfasjóðir Íslandssjóða

Ársreikningur 2009



## Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýr.	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 5	Sjóður 6	Sjóður 7	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Heimssafn	Ríkissafn	Eignasafn	Veltusafn	Samtals 2009	Samtals 2008
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>														
Vextir, verðbætur og arður .....		1.273	449	1.130	1	1.452	267	99	3	762	1	91	5.526	5.784
Gengismunur .....		(7.713)	(1.692)	1.626	(61)	3.161	(652)	(31)	433	296	3	(36)	(4.667)	( 5.418)
Vaxtagjöld.....		(1)	(0)	(9)	(1)	(7)	(0)	(0)	(1)	(8)	(0)	(1)	(28)	( 197)
<b>Hreinar fjármunatekjur (gjöld)</b>	<b>3-4</b>	<b>(6.441)</b>	<b>(1.244)</b>	<b>2.747</b>	<b>(60)</b>	<b>4.606</b>	<b>(386)</b>	<b>67</b>	<b>434</b>	<b>1.050</b>	<b>3</b>	<b>54</b>	<b>832</b>	<b>169</b>
<b>Rekstrargjöld</b>														
Umsýslubóknun .....	5	(163)	(36)	(159)	(2)	(248)	(34)	(4)	(18)	(74)	(0)	(3)	(739)	( 805)
Annar rekstrarkostnaður .....		(5)	(1)	(6)	(0)	(9)	(2)	(0)	(0)	(2)	0	0	(23)	( 6)
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<b>(168)</b>	<b>(36)</b>	<b>(165)</b>	<b>(2)</b>	<b>(257)</b>	<b>(35)</b>	<b>(4)</b>	<b>(18)</b>	<b>(75)</b>	<b>(0)</b>	<b>(3)</b>	<b>(762)</b>	<b>( 811)</b>
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini</b>		<b>(6.608)</b>	<b>(1.280)</b>	<b>2.583</b>	<b>(62)</b>	<b>4.349</b>	<b>(421)</b>	<b>63</b>	<b>416</b>	<b>975</b>	<b>3</b>	<b>52</b>	<b>69</b>	<b>( 642)</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 5	Sjóður 6	Sjóður 7	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Heimssafn	Ríkissafn	Eignasafn	Veltusafn	Samtals 31.12.2009	Samtals 31.12.2008
<b>Eignir</b>														
<b>Fjárfestingar</b>														
Verðbréf með föstum tekjum.....		4.987	4.598	20.406	0	30.193	1.863	1.163	0	8.575	28	1.315	73.126	72.601
Hlutabréf .....		68	105	0	229	0	7	13	46	0	0	0	468	382
Hluteldarskírteini .....		0	0	0	0	0	0	0	1.417	0	43	0	1.459	1.250
Fullnustueignir .....		25	39	0	0	0	5	9	0	0	0	0	78	0
Innlán hjá fjármálfyrirtækjum .....		3.325	0	0	0	0	0	0	0	4.267	13	1.275	8.880	1.276
Afleiðusamningar .....		61	95	0	0	0	14	26	0	0	0	0	196	107
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>6-10</b>	<b>8.466</b>	<b>4.836</b>	<b>20.406</b>	<b>229</b>	<b>30.193</b>	<b>1.889</b>	<b>1.212</b>	<b>1.462</b>	<b>12.842</b>	<b>83</b>	<b>2.590</b>	<b>84.208</b>	<b>75.616</b>
<b>Aðrar eignir</b>														
Handbært fé .....		221	711	1.185	20	921	197	85	0	68	0	0	3.409	5.817
Aðrar eignir .....		10	16	6	0	2	0	1	3	2	0	1	41	33
<b>Aðrar eignir samtals</b>		<b>231</b>	<b>727</b>	<b>1.191</b>	<b>20</b>	<b>923</b>	<b>198</b>	<b>85</b>	<b>3</b>	<b>70</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>3.450</b>	<b>5.851</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>8.697</b>	<b>5.564</b>	<b>21.597</b>	<b>249</b>	<b>31.116</b>	<b>2.087</b>	<b>1.297</b>	<b>1.465</b>	<b>12.912</b>	<b>83</b>	<b>2.591</b>	<b>87.658</b>	<b>81.467</b>
<b>Skuldir</b>														
Skuldir við lánastofnanir.....		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	3	5
Skuldir við tengd félög.....		7	5	24	0	26	1	1	6	10	0	1	81	69
Afleiðusamningar .....		417	646	0	0	0	100	187	0	0	0	0	1.350	1.311
Aðrar skuldir .....		0	1	4	0	2	0	0	0	2	0	1	11	49
<b>Skuldir samtals</b>		<b>424</b>	<b>652</b>	<b>29</b>	<b>0</b>	<b>27</b>	<b>102</b>	<b>187</b>	<b>7</b>	<b>12</b>	<b>0</b>	<b>6</b>	<b>1.446</b>	<b>1.434</b>
Hluteldarskírteini .....	12-13	8.273	4.912	21.568	249	31.089	1.985	1.109	1.458	12.900	83	2.586	86.212	80.032
<b>Skuldir og hluteldarskírteini samtals</b>		<b>8.697</b>	<b>5.564</b>	<b>21.597</b>	<b>249</b>	<b>31.116</b>	<b>2.087</b>	<b>1.297</b>	<b>1.465</b>	<b>12.912</b>	<b>83</b>	<b>2.591</b>	<b>87.658</b>	<b>81.467</b>
<b>A-flokkur:</b>														
Hrein eign .....		8.273	4.912	21.568	249	31.089	1.985	1.109	1.458	12.900	83	2.586		
Fjöldi eininga, í þúsundum .....		1.221	322 *	3.096	206	8.952	969	652	900	11.359	79	2.516		
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils .....		6.778	5.450 *	6.967	1.206	3.473	2.049	1.700	1.622	1.136	1.058	1.028		

\* Sjóður 1B samanstendur af nokkrum sjóðsdeildum. Fjöldi eininga í þúsundum og gengi greinist þannig:

	Fjöldi eininga	Gengi
<b>Sjóður 1, skuldabréf .....</b>	<b>891</b>	<b>5.450</b>
Sjóðsbréf 1 .....	3	5.450
Sjóðsbréf 3 .....	1	3.753
Sjóðsbréf 4 .....	1	2.582
Vaxtarbréf .....	7.227	3.8400
Valbréf .....	2.941	3.6000

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2009

	Skýr.	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 5	Sjóður 6	Sjóður 7	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Heimssafn	Ríkissafn	Eignasafn	Veltusafn	Samtals 2009	Samtals 2008
<b>Rekstrarhreyfingar</b>														
Hagnaður (tap) tímabilsins .....														
færður á hlutdeildarskírteini.....		(6.608)	(1.280)	2.583	(62)	4.349	(421)	63	416	975	3	52	69	(642)
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>														
Seld hlutdeildarskírteini.....		0	0	8.176	19	7.770	0	0	0	15.247	80	3.100	34.393	60.217
Leiðrétting .....		2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0
Innleyst hlutdeildarskírteini.....		0	0	(5.632)	(84)	(5.687)	0	0	(279)	(6.040)	(0)	(566)	(18.289)	(50.071)
Útgreiðsla úr sjóðum í slitameðferð.....		0	(7.560)	0	0	0	0	(2.436)	0	0	0	0	(9.996)	0
Flutningur úr A-deildum í B-deildir.....		(13.751)	13.751	0	0	0	(3.482)	3.482	0	0	0	0	0	0
		<b>(13.749)</b>	<b>6.191</b>	<b>2.544</b>	<b>(65)</b>	<b>2.083</b>	<b>(3.482)</b>	<b>1.046</b>	<b>(279)</b>	<b>9.207</b>	<b>80</b>	<b>2.534</b>	<b>6.110</b>	<b>10.146</b>
<b>Hækkun (lækkun) á hreinni eign</b>		<b>(20.357)</b>	<b>4.912</b>	<b>5.127</b>	<b>(127)</b>	<b>6.432</b>	<b>(3.903)</b>	<b>1.109</b>	<b>137</b>	<b>10.182</b>	<b>83</b>	<b>2.586</b>	<b>6.180</b>	<b>9.504</b>
<b>Hrein eign í ársbyrjun</b>		<b>28.631</b>	<b>0</b>	<b>16.441</b>	<b>376</b>	<b>24.657</b>	<b>5.888</b>	<b>0</b>	<b>1.321</b>	<b>2.718</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>80.032</b>	<b>70.528</b>
<b>Hrein eign í árslok</b>		<b>8.273</b>	<b>4.912</b>	<b>21.568</b>	<b>249</b>	<b>31.089</b>	<b>1.985</b>	<b>1.109</b>	<b>1.458</b>	<b>12.900</b>	<b>83</b>	<b>2.586</b>	<b>86.212</b>	<b>80.032</b>



## Yfirlit um fjárfestingar

31. desember 2009

### Sjóður 1A Skuldabréf

	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Íbúðabréf .....	1.544	18,7%
Íslandsbanki - innlán .....	1.509	18,2%
Arion banki - innlán .....	1.416	17,1%
Ríkisbréf .....	654	7,9%
NBI hf. - innlán .....	400	4,8%
Skipti hf. ....	333	4,0%
Glitnir banki hf. ....	319	3,9%
Bakkavör Group hf. ....	231	2,8%
Clearwater Finance Inc. ....	225	2,7%
Det Norske Oljeselskap .....	195	2,4%
Scandinavian Air SAS .....	159	1,9%
N1 hf. ....	154	1,9%
Tryggingamiðstöðin hf. ....	132	1,6%
Straumur-Burðarás hf. ....	113	1,4%
BYR sparisjóður .....	124	1,5%
Spölur ehf. ....	105	1,3%
Landsvirkjun .....	79	1,0%
Lánasjóður landbúnaðarins .....	78	0,9%
Clearwater Fine Foods Inc. ....	70	0,8%
Önnur skuldabréf .....	472	5,7%
Hlutabréf, fullnustueignir .....	68	0,8%
Fullnustueign .....	25	0,3%
Afleiðusamningar .....	61	0,7%
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga</b>	<b>8.466</b>	<b>102,3%</b>
Handbært fé .....	221	2,7%
Aðrar eignir og skuldir .....	(414)	( 5,0%)
<b>Hrein eign samtals</b>	<b>8.273</b>	<b>100,0%</b>

### Sjóður 1B - í slitaferli Skuldabréf

	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Skipti hf. (B flokkur) .....	516	10,5%
Glitnir banki hf. (B flokkur) .....	494	10,1%
Bakkavör Group hf. (B flokkur) .....	358	7,3%
Clearwater Finance Inc. (B flokkur) .....	348	7,1%
Det Norske Oljeselskap (B flokkur) .....	302	6,1%
Íbúðabréf (B flokkur) .....	275	5,6%
Scandinavian Air SAS (B flokkur) .....	247	5,0%
N1 hf. (B flokkur) .....	238	4,8%
Tryggingamiðstöðin hf. (B flokkur) .....	204	4,2%

# Yfirlit um fjárfestingar

31. desember 2009

	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Straumur-Burðarás hf. (B flokkur) .....	175	3,6%
BYR sparisjóður (B flokkur) .....	191	3,9%
Spölur ehf. (B flokkur) .....	163	3,3%
Landsvirkjun (B flokkur) .....	122	2,5%
Lánasjóður landbúnaðarins (B flokkur) .....	121	2,5%
Clearwater Fine Foods Inc. (B flokkur) .....	108	2,2%
Önnur skuldabréf (B flokkur) .....	733	14,9%
Hlutabréf, fullnustueignir .....	105	2,1%
Fullnustueign .....	39	0,8%
Afleiðusamningar .....	95	1,9%
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga</b>	<b>4.836</b>	<b>98,5%</b>
Handbært fé (A flokkur) .....	711	14,5%
Aðrar eignir og skuldir (B flokkur) .....	(636)	( 12,9%)
<b>Hrein eign samtals</b>	<b>4.912</b>	<b>100,0%</b>
<b>Hrein eign sundurliðast þannig:</b>		
A flokkur .....	711	
B flokkur .....	4.201	
	<u>4.912</u>	

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í árslok 2009. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Vegna óvissu um virði margra fjármálagerninga voru óháðir aðilar fengnir til aðstoðar á árinu 2009 við mat á virði þeirra og er að hluta til byggt á því mati. Þar sem óvissan er mikil um endurheimtuvatni bréfa þeirra fyrirtækja sem farin eru í þrot og virði óseljanlegra bréfa metið út frá rekstraraðstæðum hvers félags er verðmatið á mjög breiðu bili en verðmat á eignum sjóðsins byggir á varfærnum forsendum um endurheimtur.

Öllum afleiðusamningum sjóðsins var lokað í nóvember 2008. Sjóðurinn hefur lagt fram beiðni til skilanefndar Glitnis banka hf. um að bankinn skuldajafni eignum sjóðsins hjá Glitni banka hf á móti skuldum þannig:

	Sjóður 1A	Sjóður 1B
Afleiðueign .....	61	95
Skuldabréfaeign .....	319	494
Afleiðuskuld .....	( 417)	( 646)
Skuld við Glitni banka hf.	( 37)	( 57)

Við gerð ársreikningsins hefur sjóðurinn því gert ráð fyrir að geta skuldajafnað á þennan hátt og byggir það m.a. á lögræðilegri álitserð. Verði niðurstaðan frábrugðin mati sjóðsins er mat þessara eigna annað.

Sjóði 1 var skipt upp í A hluta og B hluta í janúar 2009. B hlutinn fór í slitaferli. Við uppskiptingu sjóðsins voru íbúðabréf í B hluta seld og allt laust fé greitt út. Aðrar eignir B hlutans verða greiddar út á sama hátt eftir því sem þær fást greiddar uns engar eignir verða eftir í eignasafni flokksins. Til stóð að A hlutinn yrði starfræktur áfram en lokað yrði tímabundið fyrir viðskipti í sjóðnum. Í lok janúar 2010 var ákveðið að A hlutinn færi líka í slitaferli til að vernda hagsmunum og jafnræði sjóðfélaga.

Í september 2009 var eigendum í sjóði 1A gefinn kostur á því að færa sig yfir í sjóð 1B og fá greitt út laust fé og andvirði ríkisskuldabréfa. Hlutdeildarskírteini að andvirði 9.474 milljóna fluttust á milli sjóða 1A og 1B og 4.184 milljónir voru greiddar út.

## Yfirlit um fjárfestingar

31. desember 2009

Þrjár útgreiðslur voru út úr sjóði 1B á árinu. Í janúar, júlí og desember samtals að upphæð 3.377 milljónir króna.

Alls hafa því 7.561 milljónir verið greiddar út til hlutdeildarskírteinishafa á árinu úr sjóðum 1A og 1B.

### Sjóður 5

#### Íslensk ríkisskuldabréf

	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Íbúðabréf .....	14.356	66,6%
Ríkisskuldabréf .....	4.403	20,4%
Húsbréf .....	986	4,6%
Húsnæðisbréf .....	660	3,1%
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga</b>	<b>20.406</b>	<b>94,6%</b>
Handbært fé .....	1.185	5,5%
Aðrar eignir og skuldir .....	(23)	( 0,1%)
<b>Hrein eign samtals</b>	<b>21.568</b>	<b>100,0%</b>

### Sjóður 6

#### Aðallistinn

	Nafnverð/ hlutir í þús.	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Össur hf .....	602	88	35,2%
Marel hf. ....	825	47	19,0%
Foeroya Banki P/F .....	14	42	16,9%
Eik Banki P/F .....	8.440	22	8,9%
Önnur félög .....	-	30	12,0%
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga</b>		<b>229</b>	<b>92,1%</b>
Handbært fé .....		20	8,0%
Aðrar eignir og skuldir .....		(0)	( 0,1%)
<b>Hrein eign samtals</b>		<b>249</b>	<b>100,0%</b>

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í árslok 2009.

## Yfirlit um fjárfestingar

31. desember 2009

### Sjóður 7

#### Löng ríkisskuldabréf

	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Íbúðabréf .....	25.291	81,4%
Önnur ríkisskuldabréf .....	2.593	8,3%
Húsbréf .....	2.308	7,4%
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga</b>	<b>30.193</b>	<b>97,1%</b>
Handbært fé .....	921	3,0%
Aðrar eignir og skuldir .....	( 25)	( 0,1%)
<b>Hrein eign samtals</b>	<b>31.089</b>	<b>100,0%</b>

### Sjóður 11A

#### Fyrirtækjabréf

	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Íbúðabréf .....	882	44,4%
Önnur ríkisskuldabréf .....	386	19,4%
Landsvirkjun .....	160	8,1%
Skipti hf. ....	68	3,4%
N1 hf. ....	57	2,9%
Spölur hf. ....	56	2,8%
Glitnir banki hf. ....	37	1,9%
Clearwater Finance Inc .....	36	1,8%
Det Norske Oljeselskap .....	35	1,8%
SAS Group .....	31	1,6%
Félagsbústaðir hf. ....	29	1,5%
Nordiska Investeringsbanken .....	28	1,4%
Orkuveita Reykjavíkur .....	21	1,1%
Önnur skuldabréf .....	36	1,8%
Hlutabréf, fullnustueignir .....	7	0,4%
Fullnustueign .....	5	0,3%
Afleiðusamningar .....	14	0,7%
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga</b>	<b>1.889</b>	<b>95,2%</b>
Handbært fé .....	197	9,9%
Aðrar eignir og skuldir .....	(102)	( 5,1%)
<b>Hrein eign samtals</b>	<b>1.985</b>	<b>100,0%</b>

# Yfirlit um fjárfestingar

31. desember 2009

## Sjóður 11B - í slitaferli Fyrirtækjabréf

	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Landsvirkjun (B flokkur) .....	298	26,9%
Skipti hf. (B flokkur) .....	127	11,5%
N1 hf. (B flokkur) .....	107	9,6%
Spölu hf. (B flokkur) .....	105	9,4%
Glitni banki hf. (B flokkur) .....	68	6,2%
Clearwater Finance Inc. (B flokkur) .....	68	6,1%
Det Norske Oljeselskap Inc. (B flokkur) .....	65	5,9%
Ríkisbréf (B flokkur) .....	61	5,5%
SAS Group Inc. (B flokkur) .....	58	5,2%
Félagsbústaðir hf. (B flokkur) .....	54	4,9%
Nordiska Investeringsbanken (B flokkur) .....	51	4,6%
Orkuveita Reykjavíkur (B flokkur) .....	40	3,6%
Önnur skuldabréf (B flokkur) .....	61	5,5%
Hlutabréf, fullnustueignir (B flokkur) .....	13	1,2%
Fullnustueign (B flokkur) .....	9	0,8%
Afleiðusamningar (B flokkur) .....	26	2,3%
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga</b>	<b>1.212</b>	<b>109,2%</b>
Handbært fé (A flokkur) .....	85	7,7%
Aðrar eignir og skuldir (B flokkur) .....	(187)	( 16,9%)
<b>Hrein eign samtals</b>	<b>1.109</b>	<b>100,0%</b>
<b>Hrein eign sundurliðast þannig:</b>		
A flokkur .....	85	
B flokkur .....	1.024	
	1.109	

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í árslok 2009. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélagsins að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Vegna óvissu um virði margra fjármálagerninga voru óháðir aðilar fengnir til aðstoðar við mat á virði þeirra á árinu 2009 og er að hluta til byggt á því mati. Þar sem óvissan er mikil um endurheimt virði bréfa þeirra fyrirtækja sem farin eru í þrot og virði óseljanlegra bréfa metið út frá rekstraraðstæðum hvers félags er verðmatið á mjög breiðu bili en verðmat á eignum sjóðsins byggir á varfærum forsendum um endurheimtur.

Öllum afleiðusamningum sjóðsins var lokað í nóvember 2008. Sjóðurinn hefur lagt fram beiðni til skilanefndar Glitnis banka hf. um að bankinn skuldajafni eignum sjóðsins hjá Glitni banka hf á móti skuldum þannig:

	Sjóður 11A	Sjóður 11B
Afleiðueign .....	14	26
Skuldabréfaeign .....	37	68
Afleiðuskuld .....	( 100)	( 187)
Skuld við Glitni banka hf.	( 49)	( 93)

Við gerð ársreikningsins hefur sjóðurinn gert ráð fyrir að geta skuldajafnað á þennan hátt og byggir það m.a. á lögræðilegri álitserð. Verði niðurstaðan frábrugðin mati sjóðsins er mat þessara eigna annað.

## Yfirlit um fjárfestingar

31. desember 2009

Sjóði 11 var skipt upp í A hluta og B hluta í janúar 2009. B hlutinn fór í slitaferli. Við uppskiptingu sjóðsins voru íbúðabréf í B hluta seld og allt laust fé greitt út. Aðrar eignir B hlutans verða greiddar út á sama hátt eftir því sem þær fást greiddar uns engar eignir verða eftir í eignasafni flokksins. Til stóð að A hlutinn yrði starfræktur áfram en lokað yrði tímabundið fyrir viðskipti í sjóðnum. Í lok janúar 2010 var ákveðið að A hlutinn færi líka í slitaferli til að vernda hagsmuni og jafnræði sjóðfélaga.

Í september 2009 var eigendum í sjóði 11A gefinn kostur á því að færa sig yfir í sjóð 11B og fá greitt út laust fé og andvirði ríkisskuldabréfa. Hlutdeildarskírteini að andvirði 3.334 milljóna fluttust á milli sjóða 11A og 11B og 2.127 milljónir voru greiddar út.

Þrjár útgreiðslur voru út úr sjóði 11B á árinu. Í janúar, júlí og desember samtals að upphæð 309 milljónir króna.

Alls hafa því 2.436 milljónir verið greiddar út til hlutdeildarskírteinishafa á árinu úr sjóðum 11A og 11B.

### Heimssafn Erlend hlutabréf

	Hlutir í þús.	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Vanguard Global Stock Index Fund .....	171	284	19,4%
Skagen Global Fund .....	15	225	15,4%
Sparinvest - Global Value Fund I .....	9	224	15,4%
Vanguard Global Enhanced Equity Fund .....	21	208	14,3%
Gartmore SICAV Global Focus Fund .....	205	215	14,8%
FIM Mondo .....	130	186	12,7%
Vanguard US-500 Stock Index Fund .....	53	75	5,1%
Hlutabréf / kauphallarsjóðir .....		46	3,1%
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga</b>		<b>1.462</b>	<b>100,3%</b>
Handbært fé .....		0	0,0%
Aðrar eignir og skuldir .....		(4)	( 0,3%)
<b>Hrein eign samtals</b>		<b>1.458</b>	<b>100,0%</b>

## Yfirlit um fjárfestingar

31. desember 2009

### Ríkissafn

#### Ríkisskuldabréf og innlán fjármálastofnana

	Markaðs- verð	% af hreinni eign
Ríkisskuldabréf .....	8.212	63,7%
Landsvirkjun .....	241	1,9%
Íbúðabréf .....	122	0,9%
Innlán hjá Íslandsbanka hf. ....	2.214	17,2%
Innlán hjá Arion banka hf. ....	1.753	13,6%
Innlán hjá NIB hf. ....	301	2,3%
